



# Fundargerð 280.fundar

## Stjórnar Hafnasamlags Norðurlands bs.

Miðvikudaginn 9. ágúst 2023 kl. 16.15 fór fram stjórnarfundur á skrifstofu Hafnasamlags Norðurlands við Fiskitanga.

Fundinn sátu: Inga Dís Sigurðardóttir formaður, Jóhann Gunnar Kristjánsson varaformaður, Axel Grettisson ritari, Ásrún Ýr Gestsdóttir, Jón Þorvaldur Heiðarsson, Ólafur Rúnar Ólafsson, Sverre Jakobsson og Þröstur Friðfinnsson.

Að auki var Pétur Ólafsson hafnastjóri á fundinum.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Dagskrá fundarins:

### 1. Fjárhags- og framkvæmdaáætlun HN fyrir 2024.

Hafinn er undirbúningur vegna vinnu við fjárhags- og framkvæmdaáætlun næsta árs. Hafnarstjóri kynnti horfur í rekstri og framkvæmdaþörf.

### 2. Skemmtiferðaskip til hafna Hafnasamlags Norðurlands 2023

Almennt hefur þjónusta HN vegna komu skemmtiferðaskipa til hafna samlagsins gengið vel það sem af er sumri. Sú nýlunda er að Hafnasamlagið hefur samið við EPI (Environmental Port Index) í Noregi sem mælir umhverfisspor skemmtiferðaskipa. Í sumar verður safnað gögnum frá skipunum og stefnt er að því um leið og lögum verður vonandi breytt í vetur muni höfnum verða heimilt að veita íviljanir eða beita álögum eftir umhverfisspori skipanna. Eru bundnar miklar vonir við þetta kerfi. Jafnframt er unnið að því hörðum höndum að hægt verði eins fljótt og kostur er að tengja minni skemmtiferðaskip við rafmagn.

### 3. Staða verklegra framkvæmda.

Hafnarstjóri fór yfir stöðu verklegra framkvæmda.

### 4. Færsla sementssílóa í Krossanes.

Stjórn HN gerir ekki athugasemdir við uppsetningu sílóa vegna sements og asfalts í Krossanesi á vegum Skútabergs ehf. í samræmi við framlagðar teikningar.

### 5. Önnur mál.

**Fundargerðin yfirfarin og staðfest.**

Fundi var slitið kl. 17.30



Jóhann Gunnar Kristjánsson varaformaður

---

Axel Grettisson ritari

---

Ásrún Ýr Gestsdóttir

---

Jón Þorvaldur Heiðarsson

---

Ólafur Rúnar Ólafsson

---

Sverre Jakobsson

---

Þróstur Friðfinnsson

---

Pétur Ólafsson hafnarstjóri

---